Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari

Selma Guðmundsdóttir píanóleikari



Sigrún Eðvaldsdóttir útskrifaðist með einleikaraprófi úr Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1984 undir handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur. Framhaldsnám stundaði hún í Curtis Institute of Music hjá Jaime Laredo og tók BM gráðu þaðan 1988. Sigrún hefur einnig sótt tíma hjá hjónunum Roland og Almitu Vamos. Sigrún hefur víða komið fram sem einleikari og ósjaldan komið fram fyrir Íslands hönd á alþjóðlegum tónlistarhátíðum. Hún hefur hlotið verðlaun í ýmsum fiðlukeppnum, m.a. bronsverðlaun í Sibeliusarkeppninni 1990 og 2. verðlaun í Carl Flesch fiðlukeppninni 1992. Sigrún hlaut bjartsýnisverðlaun Brøste árið 1992 fyrir viðhorf sitt til lífsins og listarinnar. Í september næstkomandi mun Sigrún leika Sibelius fiðlukonsertinn í Skotlandi ásamt Skosku BBC sinfóníuhljómsveitinni.

Selma Guðmundsdóttir hóf tónlistarnám á Ísafirði en stundaði síðan nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan einleikaraprófi undir handleiðslu Árna Kristjánssonar píanóleikara. Hún stundaði framhaldsnám hjá Hans Leygraf við Mozarteum í Salzburg og Tónlistarháskólann í Hannover í Þýskalandi og hlaut þá námsstyrk frá þýska ríkinu (DAAD) um tveggja ára skeið. Hún hefur enn fremur sótt námskeið víða erlendis m.a. hjá Pierre Sancan og Frantisek Rauch. Selma hefur haldið fjölda einleikstónleika hér heima og erlendis auk þess að leika einleik með hljómsveit og kammertónlist. Selma starfar nú meðfram tónleikahaldi sem píanókennari við Tónlistarskólann í Reykjavík.

Frá árinu 1986 hafa þær Sigrún og Selma margsinnis leikið saman á tónleikum, m.a. á tónlistarhátíð ungra einleikara í Helsinki árið 1986, á tónleikaferð um Þýskaland 1988 og í Litháen og Skotlandi 1992. Þær hafa leikið inn á tvo geisladiska saman, *Cantabile* 1992 og *Ljúflings-lög* 1993.

Efnisskrá

Leoš Janáček Sónata fyrir fiðlu og píanó

Con moto

Ballada - con moto

Allegretto Adagio

Dvořák - Kreisler Slavneskir dansar

Nr. 1 í g-moll Nr. 2 í e-moll Nr. 3 í G-dúr

Maurice Ravel Sónata fyrir fiðlu og píanó

Allegretto

Blues - moderato

Perpetuum mobile - allegro